

Stjórnarfundur Leiknar miðvikudaginn 13.maí 2020

Kl.11:00-12:00.

Staður: Á vefnum í gegnum Teams forritið.

Mætt: Guðrún Vala (GV), Eyjólfur (ES), Helgi (HS), Helga (HG) og Guðfinna (GH), sem jafnframt ritaði fundargerð. Fjarverandi: Ingibjörg (IK) og Sólrún (SB). IK var, f.h. Leiknar, á fundi samhæfingarhóps um aðgerðir í menntamálum vegna Covid-19.

1. Undirbúningur aðalfundar Leiknar

GV er byrjuð að skrifa ársskýrslu Leiknar og mun senda drög á aðra stjórnarmeðlimi til yfirlestrar. GV, HG og SB hyggjast ganga úr stjórn og þarf því að finna nýja fulltrúa í þeirra stað.

Ákveðið að færa áður setta dagsetningu aðalfundar frá 3. júní til 9. júní 2020. Fundurinn verður haldinn í húsnæði Starfsmenntar í Skipholti 50b og mun hann hefjast kl. 13:00. Þá verður fundinum einnig streymt. GH mun setja upp drög að fundarboði með dagskrá til yfirferðar á næsta fundi stjórnar.

Almenn umræða um muninn á Leikn og Kvasi og lög Leiknar í tengslum við fjölgun meðlima í samtökunum sbr. umræðu á síðasta fundi stjórnar, ES mun skoða lög.

Farið yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 og drög að yfirliti reikninga vegna ársins 2019.

2. Manifesto - staðan

GV hefur samið við fyrirtæki um uppsetningu á Manifesto þannig að útlitið verði samræmt því sem EAEA hefur gefið út. Stefnt er að því að Manifesto verði tilbúið fyrir aðalfund.

3. Veferindi á dagskrá

GV sagði frá því að Markús væri farinn að kynna nýja þætti úr rannsókninni. Samþykkt að GV óski eftir veferindum um þessa nýju þætti í stað þess sem áður var rætt um. Keilir er að vinna sitt veferindi um háskólabrúna og HS mun vinna að sínum erindum fljótlega.

4. Önnur mál

- Rætt var um erindi frá EAEA þar sem aðildarfélagar samtakanna eru hvattir til að senda bréf til yfirvalda til að vekja athygli á stöðu og mikilvægi fullorðinsfræðslu í Evrópu. GV og HS munu skoða erindið betur og þá með hliðsjón af stöðunni hér á landi.
- HS sagði stuttlega frá ráðstefnu sem hann fylgist með í fyrstu viku maí og var haldin á vegum European Bildung Network. Varforseti Rómarklúbbsins svokallaða sagði þar m.a. að fræðsluaðilar ættu að nýta lærdóminn sem fékkst vegna Covid-19 og breyta hlutum í það sem vel gekk en ekki snúa til baka í fyrra ástand.

Fundi slitið kl. 12:10, næsti fundur verður mánudaginn 25.maí kl. 8:30 á Teams.